

Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Norður-Múlasýslu um endurgreiðslu á veittum sveitarstyrk. **84**
9. júlí

Oddviti Vestmannaeyjahrepps hefir skotið til stjórnarráðsins úrskurði sýslumannsins í Norður-Múlasýslu, dags. 6. nóvember f. á., sem ákveður, að Loðmundarfjarðarhreppur skuli vera laus við að endurgreiða Vestmannaeyjahreppi kr. 123,93, sem hann hefir orðið að greiða fyrir dvöl stúlkunnar Gróu R. Jónsdóttur þar í hreppi frá 27. septbr. til 18. desember 1916.

Málavextir eru þeir, að nefnd stúlka, sem viðurkend er sveitlæg í Loðmundarfjarðarhreppi, var send af Bessastaðahreppi, þar sem hún hafði dvalist, fátækraflutningi samkvæmt vegabrjefi áleiðis til framfærslusveitar sinnar með e/s »Botnia« í septbr. 1916. Þegar til Vestmannaeyja kom 27. s. m. var stúlkan eftir skipun skipstjóra og að læknisráði flutt þar á land sökum veikinda og afhent hreppsnefndinni, er tók við henni til ráðstöfunar þá þegar. Með næstu ferð e/s »Botnia«, um miðjan desember, ætlaði hreppsnefnd Vestmannaeyjahrepps að senda stúlkuna áfram á sína sveit, en af því varð þó ekki, meðfram vegna þess, að læknir taldi það óráðlegt. Ritaði þá hreppsnefnd Vestmannaeyjahrepps hreppsnefnd Loðmundarfjarðarhrepps brjef 18. s. m., skýrði frá málavöxtum og krafðist endurgjalds á þeim kr. 123,93, sem vera stúlkunnar í Vestmannaeyjum hafði kostað til þess dags, en þá var stúlkan tekin meðgjafarlaust af fólki í Eyjunum. Hreppsnefnd Loðmundarfjarðarhrepps neitaði nú að endurgreiða hina umkröfðu upphæð af þeirri ástæðu, að hreppsnefnd Vestmannaeyjahrepps hefði vanrækt að tilkynna styrkveitinguna innan tímatakmarka þeirra, sem ákveðin eru í 66. gr. fátækralaganna og hefði því fyrirgert rjetti sínum til endurgjalds. Á þessa skoðun er fallist í hinum áfrýjaða úrskurði. Hreppsnefnd Vestmannaeyjahrepps hefir aftur haldið því fram, að hjer hafi ekki verið um eiginlegan fátækrastyrk að ræða, heldur um flutningskostnað, og hafi því tilkynning verið óþörf og 66. gr. fátækralaganna eigi því ekki við, og í annan stað hafi engin ferð fallið til Austfjarða frá því stúlkan kom til Eyjanna og til þess 18. desember, að Loðmundarfjarðarhreppi var skrifað.

Það verður að fallast á það, sem fram er haldið í hinum áfrýjaða úrskurði, að hjer sje ekki um flutningskostnað að ræða. Dvölin í Vestmannaeyjum er ekki liður í flutningnum og það því fremur sem flutningurinn varð aldrei lengri, eftir því sem upplýst er í málinu. Flutningi stúlkunnar á framfærslusveit sína var að visu ekki lokið, en flutningurinn var stöðvaður við Vestmannaeyjar og honum hætt um sinn og síðan með öllu. Kostnaðurinn er framfærslustyrkur, sjúkra- og hjúkrunarkostnaður, er sveitarstyrkur. En af því leiðir ekki það, að þurft hafi að taka æfiferilsskýrslu stúlkunnar í Eyjunum, eða að skylt hafi verið að tilkynna styrkveitinguna innan þess tímatakmarks, sem ákveðið er í 66. gr. fátækralaganna. Dvöl stúlkunnar í Vestmannaeyjum er beint framhald af dvölinni í Bessastaðahreppi. Hún er flutt þaðan sem þurfalingur, en þegar lítið eitt er komið áleiðis reynist hún ekki flutningsfær og er þá með læknisráði af um-

84 9. júlí boðsmanni — skipstjóranum á e/s »Botnia« — þess, sem flutninginn annast, sett á land á fyrsta viðkomustað skipsins, Vestmannaeyjum, og afhent fátækrastrjórinni þar. Vegabrjefið og læknisvottorðið gera æfiferilsskýrslu óþarfa; manneskj-an gefst ekki upp í Vestmannaeyjum, heldur er hún flutt þangað sem þurfsjúklingur, dvöl hennar þar er hliðstæð sjúkrahúsvist, svo lengi sem hún var þar á fátækraframfæri. Þar sem nú þess utan tilkynning til framfærslusveitarinnar og krafa um endurgreiðslu var send með fyrstu pósthæð eða svo fljótt sem kostur var, þá er um enga vanrækslu af hálfu hreppsnefndar Vestmannaeyjahrepps að ræða. Eftir þeim málavöxtum, sem nú hefir verið lýst, á Vestmannaeyjahreppur að fá endurgreiddan allan útlagðan kostnað sinn og þar sem stúlkan var löglega flutt úr Bessastaðahreppi á framfærslusveitin að greiða hina umkröfðu upphæð. Því úrskurðast, að Loðmundarfjarðarhreppur á að greiða Vestmannaeyjahreppi frammanefndar 123 kr. 93 au.

Þetta er yður, herra sýslumaður, hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og birtingar fyrir hreppsnefnd Loðmundarfjarðarhrepps, og annist þjer um, að hin úrskurðaða upphæð verði greidd án tafar.

85 15. júlí *Brjef stjórnnarráðsins til sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu um sveitfesti þurfalings.*

Borgarstjórinn í Reykjavík hefir skotið til stjórnnarráðsins úrskurði sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, dags. 28. febrúar þ. á., sem ákveður, að Erlendur nokkur Þorvaldsson skyldi teljast sveitlægur í Reykjavíkkaupstað og kaupstaðurinn eigi því enga kröfu á hendur Álftaneshreppi til endurgjalds á $\frac{2}{3}$ hlutum af 30 kr. styrk veittum manni þessum.

Erlendur er fæddur í Álftaneshreppi í Mýrasýslu 14. júní 1882 og dvaldist þar í hreppi þar til hann í september 1901 fluttist til Reykjavíkur, nam söðlasmíði og tók sveinsbrjef í þeirri iðn. Dvaldist hann þar fram á árið 1910 og var þá orðinn kvæntur. Þá um vorið tók hann á leigu til eins árs húsnæði í Þingholtsstræti 26 og bjó þar með konu sinni fram á mitt sumar, en yfirgaf þá íbúðina, er síðan var leigð öðrum frá 1. október og var leigu Erlendar á húsnæði þessu þar með lokið, enda leystu þau hjón upp heimili sitt um sama leyti. Dvaldist konan fyrst sem gestur hjá skyldmönnum sínum á Vitastíg 15 en rjeðst skömmu síðar í vist á Laugarnesspítala og var þar til krossmessu næsta vor. Erlendur sjálfur varð vetrarmaður á tveim bæjum í Seltjarnarneshreppi frá byrjun októbermánaðar til 14. maí vorið eftir, en þá settust hjónin aftur að í Reykjavík. Yfir veturinn kveðst Erlendur hafa komið búshlutum sínum í geymslu á Vitastíg 8 hjá tengdaföður sínum. Haustið 1910 er Erlendar hvergi getið í manntali, hvorki í Seltjarnarneshreppi nje í Reykjavík og greiðir engin lögboðin gjöld í Reykjavík árið 1911.

Með nefndri dvöl í Seltjarnarneshreppi telur borgarstjóri að Erlendur hafi